

UPPLÝSINGAPÓSTUR 8

Ágætu foreldrar og starfsfólk í Foldaskóla, Hamraskóla og Húsaskóla

Stýrihópur um breytingu á Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglíngastigi og flutning nemenda í 8. – 10. bekk úr Hamraskóla og Húsaskóla, hélt áttunda fund sinn í Foldaskóla 23. janúar sl. Á þessum fundi var farið yfir stöðu verkefnisins almennt og síðan unnið áfram við verk- og tímaáætlun verkefnisins.

Á fundinum kom fram að búið er að tryggja fjármuni til undirbúnings safnskóla-verkefninu. Þar má nefna innkaup á búnaði í kennslustofur og endurnýjun á ljós-rita. Þá hefur fengist aukafjárveiting til að styðja við hópefli nemenda sem verða á unglíngastigi næsta vetur og er ætlunin að veita ferðastyrki vegna ferða 7.-9. bekkja nú í vetur. Búið er að ákveða að battavöllur verði byggður í sumar við Foldaskóla. Einnig kom fram að verið er að semja við Strætó bs. um almennings-samgöngur í Hamrahverfi næsta vetur.

Hér á eftir er stutt yfirlit yfir helstu þætti sem skólarnir og stýrihópurinn eru að vinna að.

- Unnið hefur verið að undirbúningi nemenda fyrir breytingarnar næsta haust. Í nóvember hélt undirritaður fund með bekkjarfulltrúum 7. bekkja skólanna þriggja, til að koma á tengslum milli foreldra. Einnig er búið að funda með umsjónarkennurum þessa árgangs. Bekkir munu skiptast á heimsóknnum, sameiginleg samkoma verður í vor í samvinnu við ÍTR (e.t.v. við Gufunesbæ) og síðan er hafin fjáröflun á vegum foreldra vegna ferðar í skólabúðirnar að Reykjum 29. maí til 1. júní nk.
- Búið er að koma á tengslum milli bekkjarfulltrúa í 8. og 9. bekkjum skólanna þriggja. Bekkjarfulltrúar í 9. bekk hafa fundað vegna ferðar að Laugum sem verður nú í lok febrúar. Verið er að skoða möguleika á ferð fyrir 8. bekk með gistingu.
- Skólastjórnendur funduðu sameiginlega með umsjónarkennurum 8. og 9. bekkja í desember. Ákveðið er að haldnir verði bekkjarfundir þar sem nemendur draga fram það sem þeir vilja helst sjá í starfi unglíngadeildar næsta vetur. Þær hugmyndir verða settar í pott, kynntar og ræddar áfram. Þá munu árgangarnir hittast og verður dagskrá útbúin í samráði við nemendur.
- Starfsfólk starfsmannahjónustu skóla og frístundasviðs (SFS) hefur haldið nokkra vinnufundi með skólastjórum vegna starfsmannaviðtala og undirbúnings við endurskipulagningu á starfsmannahaldi næsta haust. Starfsmannaviðtölum er að ljúka í skólunum og hefst skipulagsvinna nú í febrúar. Í mars fara fram viðræður vegna flutninga starfsmanna milli skóla sem taka gildi 1. ágúst nk.

- Stefnt er að fundi kennara skólanna á starfsdegi 10. apríl þar sem farið verður yfir námsefni eftir árgöngum og námsgreinum, námsmat skoðað o. fl.
- Á næsta fundi stýrihópsins 21. febrúar verður farið í gegnum helstu þætti skóla-starfsins í hverjum skóla og greint hvað er líkt og ólíkt í skipulagi þeirra. Stýrihópurinn vinnur síðan áfram að skipulagsmálum, m.a. á grundvelli þessarar greiningar.
- Á sama fundi verður lögð fram tillaga að verklagi vegna skiptingar í bekki á unglíngastigi næsta vetur.
- Valgreinar á unglíngastigi verða kynntar fyrir nemendum í apríl.
- Kynningarfundir fyrir foreldra og nemendur einstakra árganga verða í apríl/maí.
- Skólareglur eru í endurskoðum í Foldaskóla. Því verkefni verður lokið næsta haust með nýjum nemendum og foreldrum.
- Skóladagatal skólanna er til umræðu milli skólastjóra skólanna. Stefnt er að samræmingu allra helstu þátta þess í samvinnu við skólaráð hvers skóla fyrir 30. apríl nk.
- Verið er að skoða möguleika á styrkjum til sameiginlegs þróunarverkefnis í skólunum þremur til að þróa samræmt námsmat ásamt símenntun á því sviði.
- Undanfarin ár hafa valgreinar í 9. og 10. bekk verið um 16% af kennsluvíkunni. Gert er ráð fyrir að auka þetta val í um 21% næsta vetur um leið og fjöldi valgreina vex (valtímum fjölgað úr 6 í 8 af 37 vikustundum). Með auknum fjölda valgreina verður auðveldara að koma til móts við ólík áhugasvið nemenda.
- Starfshópur á vegum skóla- og frístundasviðs um framtíðarfyrirkomulag deildar í Hamraskóla fyrir einhverf börn, er að störfum og mun skila tillögum fyrir 1. mars nk. Í hópnum eiga sæti foreldrar, starfsfólk SFS og fulltrúi frá starfsfólki. Hópurinn hefur kynnt sér aðstæður í Foldaskóla.
- Þau verkefni sem verið er að vinna að í Gufunesbæ vegna fyrirhugaðra breytinga á unglíngadeildunum, eru þau helst á vorönn að verið er að vinna úr könnun sem lögð var fyrir nemendum í 7. - 9. bekk þar sem nemendum var gefinn kostur á að koma sínum áhyggjuefnum á framfæri varðandi breytingar á fyrirkomulagi félagsmiðstöðvastarfsins. Niðurstöður þeirrar könnunar verða kynntar foreldrum og notaðar til áframhaldandi vinnu með unglíngunum.
- Félagsmiðstöðvarnar ætla einnig að vinna sérstaklega með 7. bekkjum, skipuleggja sameiginlega viðburði félagsmiðstöðvanna þriggja, taka þátt í ferð 9. bekkinga að Laugum, útfæra vorkosningar í unglínga- og nemendaráð til að tryggja að fulltrúar úr öllum skólum eigi fulltrúa í ráðinu í Foldaskóla í haust og ræða fyrirhugaðar breytingar með miðstigsráðunum. Samhliða þessari vinnu er verið að vinna að því að útfæra breyttan opnunartíma í Fjörgyn frá og með næsta hausti og huga að útfærslu á miðstigsstarfi í Húsa- og Hamraskóla.

Síðast en ekki síst er verið að vinna að ýmsu sem tengist starfsmannamálum vegna breytinganna, s.s. fjölda starfsmanna og hvernig starfshlutföll og vaktafyrirkomulag þeirra sem munu starfa í Fjörgyn og í miðstigsstarfi í Húsa- og Hamraskóla, verða næsta vetur.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar, m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Kristinn Breiðfjörð